

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur um flutning verkefna til sýslumannsembætta.

1. *Hvernig miðar flutningi verkefna frá ráðuneytinu til sýslumannsembætta samkvæmt aðgerðaáætlun um flutning verkefna til embætta sýslumanna sem gerð var samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 50/2014?*

Aðgerðaáætlun um flutning verkefna til embætta sýslumanna er í höndum innanríkisráðuneytisins sem fer með umrætt málefnasvið. Aðgerðaáætlunin var unnin í samvinnu við önnur ráðuneyti og þar á meðal umhverfis- og auðlindaráðuneytið hvað varðar málefnasvið þess. Niðurstaða umhverfis- og auðlindaráðuneytisins var sú að engin verkefni ráðuneytisins hentuðu starfsemi embætta sýslumanna. Ráðuneytið óskaði einnig eftir því skriflega við stofnanir þess að þær könnuðu hvort fyrir hendi væru verkefni sem stofnanir færu með sem hentuðu til flutnings. Engin af stofnunum ráðuneytisins taldi að fyrir hendi væru verkefni sem féllu vel að starfsemi sýslumanna og hentuðu til flutnings.

2. *Telur ráðherra unnt að flytja önnur verkefni úr ráðuneytinu til sýslumannsembætta en þau sem tiltekin eru í fyrrgreindri aðgerðaáætlun?*

Að svo stöddu eru engin verkefni talin henta til flutnings.

3. *Hvaða aðferðum er beitt við ákvörðun um að flytja verkefni til sýslumannsembættis og hvað kemur einkum í veg fyrir flutning?*

Ráðuneytið og stofnanir fóru yfir þau verkefni sem þau hafa með höndum og hvort þau féllu vel eða betur að starfsemi sýslumanna en starfsemi ráðuneytisins eða viðkomandi stofnana. Almenn er um sérhæfð verkefni að ræða sem eru á málefnasviði ráðuneytisins og stofnana þess sem krefjast sérfræðiþekkingar og þóttu þau því ekki falla að starfsemi sýslumanna.